

1871.

11. ágúst.

húsinu, og um áætlun þá, sem *Klentz* hefir samið, og búumst
 vör jafnframt við, að þér sendið hingað aptur meðfylgjandi skjöl.

81. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt- mannsins yfir Íslandi, um gjöld fyrir veitingarbréf fyrir embætti.

11. ágúst.

Þarsem þér, herra stiptamtmaður, útaf athugasemd frá stjórnar-
 deild reikningsmálanna við reikning suðuramtsins yfir konungleg
 leyfisbréf og veitingarbréf, sem látin hafa verið af hendi á árinu
 1867, um það, að gjald fyrir nokkur veitingarbréfin væri óborguð,
 hafð látið í ljósi, að eptir að svo hafði verið mælt fyrir í auka-
 fjárhagslögum fyrir fjárhagsárið 1869—70, 28. maí f. á., að
 hlutadeigendum skyldi verða gefin upp þau gjöld og eptirstöðvar
 af gjöldum fyrir veitingarbréf, sem ekki væri búið að borga fyrir
 31. marz 1870, yrði stiptamtíð að leita æðri úrskurðar um,
 hvornig fara skyldi með þau gjöld, sem væri enn óborguð nefndan
 dag, en þessi væri, auk annara, fyrir:

1. veitingarbréf Péturs biskups Péturssonar, 253 rd.,
 2. veitingarbréf Þórarins prófests Böðvarssonar fyrir Garða-
 prestakalli, 14 rd., og fyrir
 3. veitingarbréf Jens skólameistara Sigurðssonar, 55 rd. 48 sk. ;
- hefir stjórnardeild reikningsmálanna borið þetta mál undir úrskurð
 stjórnarráðsins.

Með því það þókti vera efasamt, hvornig skilja ætti 7. grein
 í lögum 26. marz 1870, sem hefir inni að halda almennar ákvarðanir
 um laun embættismanna og embættisþjóna, þegar hún er borin
 saman við 13. grein, að því leyti, sem snertir þá tvo embættis-
 menn, sem fyrst eru taldir og eru andlegrar stöttar, og af því
 að gjöldin, ef ætti að borga þau, renna í rikissjóðinn, skrifaði
 stjórnarráðið fjárhagsstjórninni um þetta, en hún hefir skrifað
 aptur, að svo yrði að álíta, sem það sè með öllu efalauast, að
 það sè eins um andlegrar stöttar embættismenn á Íslandi eins

1871.

11. ágúst.

og aðra af prestastött, að þeim geti ekki komið í hag það, sem fyrir er mælt í lögum 26. marz f. á. 7. gr., sbr. 13. gr., um að embættismenn framvegis skuli vera lausir við að borga gjald fyrir embættisveitingarbréf, og heldur ekki næði aukafjárhagslögin, sem gefa upp gjöld fyrir veitingar — eða leyfisbréf, sem eru óborguð 31. marz 1870, til þeirra, en sökum þessa yrði að greiða þessi gjöld til ríkissjóðsins.

Um leið og þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörið frekari ráðstafanir og birtið það, skal því við bætt, að gjald það, sem átti að greiða fyrir veitingarbréf Jens Sigurðssonar fyrir skólameistaraembættinu, að upphæð 55 rd. 48 sk., skal falla niður samkvæmt aukafjárhagslögum fyrir 1869—70.¹

Að endingu skal þess getið, að vèr í dag höfum tilkynnt þetta stjórnardeild reikningsmálanna.

31. ágúst.

82. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um ferðir póstgufuskipsins.

Um leið og vèr sendum fjárhagsstjórninni meðfylgjandi bænarskrá frá 25 mönnum í Vestmannaeyjum, útlagða á dönsku, sem alþing í sumar hefir vísað til stiptamtmanns, en hann aptur hafði sent hingað með bréfi sínu, sem vèr látum fylgja með, verðum vèr, að því leyti, sem bænarskráin fer fram á, að það sökum þess að Vestmannaeyjar liggja mjög afskekktar, verði lagt skipstjórnarmanninum á póstgufuskipinu fyrir að koma þar við á hverri ferð til Reykjavíkur og þaðan aptur, þótt það kynni að tefja fyrir skipinu, ef það aðeins ekki komist í neina hættu við þetta, — að bera það undir fjárhagsstjórnina, að tekið sé svo mikið tillit til þess, sem sókt er um, sem verður, eptir því

¹) Þetta var og úrskurðað í bréfi til stiptamtmanns, sama dag, um gjald fyrir veitingarbréf Þorgrims Johnsens fyrir héraðslæknisembætti.